



Sælir gestir Menningarnætur!

Nú er Menningarnótt á næsta leiti og undirbúningur stendur sem hæst. Það stefnir allt í afar viðburðaríka, fjölbreytta og skemmtilega dagskrá sem borgarbúar hafa lagt mikið á sig til að skapa saman og vonast er til að höfði til sem flestra.

Langar aðstandendum Menningarnætur að koma eftirfarandi upplýsingum á framfæri:

Bílastæði fyrir hreyfihamlaða

Bílastæði fyrir hreyfihamlað fólk eru staðsett á eftirfarandi stöðum:

- Skúlagötu
- Við Tækniskólann
- Neðst á Túngötu (við hornið á Suðurgötu)

Þessi bílastæði eru eingöngu fyrir P merka bíla og verða auglýst sem slík.

Rafskutluleiga

Starfrækt verður leiga rafskutlum og hjólastólum á bílastæðinu við Tækniskólann á vegum Hjálpartækjaleigu Sjálfbjargar. Þanta verður tæki fyrir kl. 15.00 á föstudaginn 17. ágúst.

Sendið tölvupóst á Davíð Þ. Olgeirsson, í netfangið david@thekkingarmidstod.is fyrir frekari upplýsingar.

Aðgengi inn á hátíðarsvæði

Miðborgin er lokuð allri bílaumferð nema fyrir þá sem hafa til þess leyfi, en þó með ákveðnum takmörkunum. Mannaðar lokanir eru á þó nokkrum stöðum en veita þeim bílum aðgengi sem eru með P-merki fyrir hreyfihamlaða.

Staðsetning mannaðra lokanna eru eftirfarandi:

- Sæbraut/Snorrabraut (nota ef nýta á bílastæði v/ Skúlagötu)
- Eiríksgata/Snorrabraut (nota ef nýta á bílastæði v/ Tækniskólann)
- Túngata/Garðastræti **aðeins innakstur** (nota ef nýta á bílastæði v/ Túngötu)
- Túngata/Ægisgata (nota ef nýta á bílastæði v/ Túngötu)

Ferðaþjónusta fatlaðra

Tekin hafa verið frá 4 sleppistæði í miðborginni fyrir **Ferðaþjónustu fatlaðra**. Stæðin er ekki ætluð til að leggja í heldur einungis til þess að taka á móti og skila af sér farþegum.

Stæðin eru á eftirfarandi stöðum.

- Við Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið við Skúlagötu 4
- N1 Hringbraut (við hliðina á BSÍ)
- Hallgrímskirkja
- Tjarnargata 8 bílastæði – bak við Hjálpræðisherinn og HHÍ

Vakin er athygli á að ekki er stoppað við Ráðhúsið.

Salernisaðstaða

Salerni fyrir hreyfihamlaða eru staðsett á eftirfarandi stöðum:

- Við Arnarhól (til hliðar við bílastæðahús Seðlabankans)
- Á horni Bergþórugötu og Frakkastígs
- Við Óðinstorg
- Við Smáragötu
- Portið hjá lðnó (Vonarstrætismeginn)
- Hverfisgötu 23 (við Lýðveldisgarð)
- Í Hljómskálagarði
- Við Rastargötu
- Í Ráðhúsinu – opið til kl. 21.00.
- Í Hörpu – opið til kl. 23.00.
- Í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsi – opið til kl. 23.00.
- Listasafni Íslands – opið til kl. 22.00.

Dagskrá

Dagskrá Menningarnætur er aðgengileg á www.meningarnott.is, þar eru viðburðir flokkaðir eftir tíma svo auðvelt er fyrir alla að skipuleggja sig áður en lagt er af stað að heiman með tilliti til bílastæða og hvaða viðburðir vekja athygli.

Hér fyrir neðan er Hátíðarkort Menningarnætur 2018.



- Akstur bannaður, lokanir gjalda kl. 7.00-1.00
- Útisvið
- Aðsetur lögreglu, slökkviliðs og týndra barna
- Salerni
- Bílastæði fyrir hreyfihamlaða
- Salerni fyrir hreyfihamlaða
- Flugeldasýning
- Leigubílar
- Stæði fyrir rútur
- Strætó
- Upplýsingar
- Möguleg bílastæði
- Bannað að leggja í Vatnsmyrinni
- Aðgengi Landspítalans er um Snorrabraut/Eiríksgötu
- Akstur út af hátíðarsvæði
- Hafnarsvæði lokað meðan á flugeldasýningu stendur
- Reiðhjólstæði

UPPLÝSINGAR
Þjónustusími 411 1111 er opinn kl. 8.30–23.00

STRÆTÓ
Strætó eður að og frá Hlemmi og Gömlu Hringbraut (BSI). Strætóskuttur aka til og frá bílastæðum í Laugardal og við Borgartún að Hallgrímskirkju, með viðkomu á Hlemmi frá kl. 07.30–01.00

NÁNAR Á MENNINGARNOTT.IS OG STRAETO.IS